


Laugalækjarskóli: opinn foreldradagur í 7. og 8. bekk 16. febrúar 2010. Viðhorfakönnun meðal foreldra í árgöngunum, send út samdægurs.

[Sjá samantekt neðst](#)

1. Nýtti fjölskyldan sér opna foreldradaginn?


Já	61	78%
Nei	17	22%



Aðeins fyrir þá sem mættu á opna daginn 16. febrúar::


2. Þegar á heildina er litið, hversu gagnlegar þóttu þér heimsóknirnar til kennaranna í dag?

Mjög gagnlegar	15	25%
Frekar gagnlegar	30	49%
Hvorki né	8	13%
Frekar gagnslitlar	3	5%
Mjög gagnslitlar	5	8%



3. Hvaða fyrirkomulag á foreldraviðtölum í nóvember og febrúar myndi henta þinni fjölskyldu best?


Tvö hefðbundin viðtöl við umsjónarkennara	13	22%
Eitt hefðbundið viðtal við umsjónarkennara og einn opinn dagur	47	78%
Annað form	0	0%



Aðeins fyrir þá sem ekki mættu á opna foreldradaginn 16. febrúar:


4. Hver er megin ástæðan fyrir því að þið nýttuð ekki opna daginn?

Við komumst ekki að þessu sinni	6	35%
Fyrirkomulagið hentaði ekki	7	41%
Annað	4	24%



5. Hvaða fyrirkomulag á foreldraviðtölum í nóvember og febrúar myndi henta þinni fjölskyldu best?

Tvö hefðbundin viðtöl við umsjónarkennara	16	73%
Eitt hefðbundið viðtal við umsjónarkennara og einn opinn dagur	4	18%
Annað	2	9%



Samantekt:

Laugalækjarskóli þakkar foreldrum góða þátttöku í opna deginum og könnuninni. Augljósustu niðurstöðurnar eru þær að stór hluti þeirra sem tók þátt í könnuninni mætti á opna foreldradaginn, var ánægður og vill viðhafa sama hátt á næsta ári. Undan því verður þó ekki litið að mæting var ívíð slakari en á hefðbundnum degi og fram kemur - bæði hér í könnunina og símleiðis - skýr þörf margra á að hitta umsjónarkennarann í einkaviðtali.

Af einstökum atriðum öðrum sem kom fram má nefna eftirfarandi:

- Ósk um að opni dagurinn nái yfir lengri tíma, helst allan daginn.
- Ósk um opinn kennsludag, þ.e. að foreldrar verði boðnir í heimsókn á hefðbundnum skóladegi.
- Ánægja með að geta hitt svo marga, bæði kennara og aðra nemendur og foreldra þeirra.
- Erfiðleikar við að halda nemendum við efnið þó að skýrt hafi verið kveðið á um skyldu þeirra til að mæta.

Viðbrögð skólans:

1. Allir foreldrar eru hvattir til að nýta sér boð skólans um persónuleg viðtöl við þá sem þess óska enda eru stjórnendur og kennararar skólans jafnan reiðubúnir til viðtals; auðveldast er að senda tölvupóst og finna þannig tíma sem hentar.
2. Ef fyrirkomulagið verður endurtekið verður m.a. hugað að þrennu: a) að lengja viðtalstímana, b) kynna betur kost á einkaviðtölum og c) enn frekari brýning til nemenda um að mæta og nýta daginn með foreldrunum, en það var að sjálfsögðu kynnt sem skylda.
3. Hafin er umræða um opinn kennsludag.

Laugalækjarskóla 5. mars 2010.
Skólastjórnendur.

